

55. fundur hverfisnefndar lunda- og gerðahverfis haldinn í Leikskólanum Lundarseli 20. maí 2015 kl. 20.00

Mættir: Martha Laxdal, Anna Krístrún Sigurpálsdóttir, Ingólfur Helgason og Svala Björnsd.

Stjórn

Tókum fagnandi á móti nýjum meðlim sem hefur áhuga á að starfa með okkur í nefndinni. Hann heitir Ingólfur Helgason. Við bjóðum hann velkominn í nefndina.

1. Svör bæjarins vegna ýmissa mála er þarfnast úrbóta

Ræddum atriði sem við höfum verið að senda inn athugasemdir við. Nokkur svör hafa borist. Fórum í gegnum þau.

- a) Þar sem stefna bæjarins í íbúðahverfum gerir ráð fyrir 30 km hámarkshraða með svokölluðum „hægri rétti“ teljum við mikilvægt að sett verði upp skilti innan gerðahverfis tvö líkt og það sem nýlega var sett upp í Grenilundi og sem minnir ökumenn á að hægri réttur sé ríkjandi í hverfinu.
- b) Vegna aukins hraða ökumanna í Grenilundi teljum við mikilvægt að sett verði þrenging eða hraðahindrum á götuna.
- c) Nefndin fagnar Zikk Zakk hliði yfir gangbraut á Dalsbraut sunnan Skógarlundar.
- d) Nefndin fagnar aðgerðum við Bjarkarlund 2 en til stendur að jafna svæðið og tyrfa.
- e) Enn bíður nefndin svara vegna athugasemda við gangbrautarljós yfir Dalsbraut austan Lundarskóla ásamt fleiri atriðum sem send hafa verið inn formlega, s.s. lýsing við göngustíg ofan Eikarlundar.

2. Framkvæmdir hverfisnefndar vegna umhverfisátaks

Fulltrúar nefndar hafa farið á fund hjá bæjarstarfsmanni vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Ræddum grillhús eða jafnvel að það væri hægt að setja upp skjólveggi og grill með öllu tilheyrandi til að minnka kostnað. Ýmislegt rætt og ákveðið að hafa samband við starfsmann bæjarins varðandi framkvæmdir.

3. Lautarferð á Akureyrarvöku

Ræddum bréf sem nefndinni barst um lautarferð á Akureyrarvöku. Nefndin telur að síðasta lautarferð hafi heppnast vel og góður grundvöllur á áframhaldandi lautarferð í hverfinu. Ýmsar hugmyndir kviknuðu um dagksrárlíði og ber helst að nefna kassabílarallý í hverju hverfi fyrir sig þar sem sigurvegarar úr hverju hverfi keppa síðar um daginn í miðbænum sín á milli. Þá er komin viss keppni af stað milli hverfa. Einnig kom hugmynd um flugdrekakeppni, jafnvel að boðið sé upp á efnivið í lautarferðum til að skapa sinn eigin flugdreka. Það má þá veita verðlaun fyrir frumlegasta flugdrekan og jafnvel að reyna að koma þeim á loft. Sigurvegarar í flugdrekakeppninni í hverju hverfi fyrir sig gætu síðan keppt sín á milli líkt og í kassabílarallýinu. Ingólfur ætlar að taka að sér að hafa samband við fulltrúa lautarferðar hjá Akureyrarstofu varðandi þessi atriði. Þá hefur nefndin mikinn áhuga á að grillaðstaða yrði komin upp á lóð vestan Lundarskóla þegar lautarferðin er áætluð. Upplagt að vígja grillaðstöðuna þann dag.

4. Önnur mál

- a. Okkur hafa borist athugasemdir þess efnis að grenndargámar hafa verið fjarlægðir af bílaplani við Kaupang. Við lýsum furðu okkar á þeim aðgerðum þar sem ekki veitir af að grenndargámar séu staðsettir á þessum stað í hverfinu.
- b. Nefndin telur mikilvægt að ráðist verði í hringtorg við gatnamót Þingvallastrætis og Miðhúsabrautar til að greiða fyrir umferð á þessu svæði. Þá lýsum við yfir að snyrta þurfi svæðið í kring þar sem mikil órækt er meðfram götum við núverandi gatnamót.

Fundi slitið kl. 21.30
Fundargerð ritaði,
Svala Björnsdóttir